



# SAMBAÐ ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 3. nóvember 1997

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/17*  
*komudagur 5.11.197*

Efni: Umsögn um 99. mál - frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Vísað er til bréfs yðar frá 24. október 1997, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) um frumvarp til laga um ríkisábyrgðir (99. mál).

SÍV styður þá meginstefnu sem fram kemur í frumvarpinu, þ.e. að nota beri ríkisábyrgðir með gætni, að gætt sé ríkrar formfestu við veitingu ríkisábyrgða og að áhætta vegna þeirra sé metin hverju sinni og fé lagt í afskriftarreikning til að mæta hugsanlegum greiðslum vegna ábyrgða. Þá styður SÍV einnig þá stefnu frumvarpsins að draga úr ríkisábyrgðum með því að lækka hámarkshlutfall ábyrgðar í hverju verkefni. Benda má á að Alþingi hefur þegar tekið ýmsar ákvarðanir sem miða að því að draga úr ríkisábyrgðum, t.d. með því að breyta tveimur af aðildarbönkum SÍV úr ríkisviðskiptabönkum í hlutafélagsbanka.

SÍV fagnar ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þess efnis að ríkissjóður muni ekki endurlána fé til aðila utan B- og C-hluta ríkissjóðs nema þegar slíkt er sérstaklega heimilað lögum samkvæmt. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur ríkissjóður á undanförmum árum endurlánað fé til ýmissa aðila, s.s. einkafyrirtækja og sveitarfélaga, í stað þess að ábyrgjast lántökur þeirra. Tekið skal undir það sjónarmið að eðlilegt sé að ríkissjóður láti af slíkri lánastarfsemi, enda eru fyrirtæki á fjármagnsmarkaði fullfær um að sinna henni.

Í athugasemdum með frumvarpinu er í stuttu málið fjallað um ríkisábyrgð í húsbrefakerfinu. Þar er bent á að ef aflétta eigi ábyrgðinni af ríkinu væri eðlilegt að færa starfsemina frá ríkinu og ætla bönkum og sparissjóðum verkefnið til úrlausnar. Er nefnt að þessi fyrirtæki gætu yfirtekið húsbrefadeildina eða að stofnuð yrði sérstök lánastofnun til að annast verkefnið. Bankar og sparissjóðir hafa um nokkurt skeið átt í viðræðum við félagsmálaráðuneytið um að þeir yfirtaki afgreiðslu húsbrefanna. Þær viðræður hafa ekki verið til lykta leiddar. Af hálfu SÍV er ekkert því til fyrirstöðu að ganga lengra og kanna til hlítar með hvaða hætti unnt væri að losa ríkið alfarið út úr starfsemi húsbrefadeildarinnar.

Að lokum skal tekið fram að einstakir aðildarbankar SÍV munu, eftir því sem þeir telja ástæðu til, gera efnahags- og viðskiptanefnd grein fyrir afstöðu sinni til þeirrar breytingar sem felst í 6. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,  
framkvæmdastjóri